

Jafnlauna- og Jafnréttisstefna

Það er stefna Hampiðjunnar á Íslandi að jafna stöðu starfsmanna sinna ásamt því að tryggja jöfn tækifæri fyrir einstaklinga á sem flestum sviðum, óháð aldri, kyni og uppruna eða öðrum persónubundnum þáttum. Á þetta m.a. við um rétt til starfa, menntunar, aðstöðu og kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Félagið skuldbindur sig til að viðhalda stöðugum umbótum og gera áætlun um reglulegt eftirlit með virkni jafnlaunakerfisins og bregðast við þegar það á við. Jafnlaunastefnu Hampiðjunnar er ætlað að tryggja réttindi og skyldur sem fram koma í lögum og reglum sem jafnlaunakerfið byggir á. Félagið skuldbindur sig til að fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem varða meginregluna um að greidd skulu jöfn laun fyrir sömu og/eða jafnverðmæt störf óháð kyni.

Áherslur í jafnlaunamálum Hampiðjunnar:

- Starfsfólk Hampiðjunnar býr við jöfn kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Laun endurspeglar vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns með tilliti til innihalds starfsins og þá ábyrgð sem því fylgir.
- Við ráðningar í laus störf er leitast við að jafna hlutföll kynja, að uppfylltum hæfnisskilyrðum.
- Hampiðjan ræður einstaklinga í ábyrgðar- og stjórnunarstöður, óháð kyni, aldri eða uppruna.
- Lögð er áhersla á að allir starfsmenn, óháð kyni, aldri eða uppruna, geti samræmt vinnu og einkalíf.
- Við eflum fræðslu og tryggjum að allir starfsmenn hafi jöfn tækifæri til endurmenntunar, starfsþjálfunar og námsleyfa.

Ábyrgð

Ábyrgð á framvindu jafnréttismála innan Hampiðjunnar er hjá forstjóra. Hann skal sjá til þess að jafnréttisstefnunni sé framfylgt og henni viðhaldið ásamt því að leggja mat á hvort markmiðum hennar sé náð.

Áhersla er lögð á að allt starfsfólk virði jafnlauna- og jafnréttisstefnuna og starfi í anda hennar.